



# Þróun leikskóla á Íslandi: Samtal við skrif Jóns Torfa Jónassonar

Jóhanna Einarsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir

► Abstract    ► Um höfunda    ► About the authors    ► Heimildir

Árið 2006 gaf dr. Jón Torfi Jónasson, prófessor út bókina *Frá gæslu til skóla: Um þróun leikskóla á Íslandi*. Þar greindi hann þróun leikskólastigsins frá mörgum ólíkum sjónarhornum, fjallaði m.a. um stöðugleika orðræðunnar um leikskóla og um hvað umræður og deilur um leikskólastarf snerust. Í ritinu er farið yfir sögu leikskólans á Íslandi, formleg umgjörð hans og starfshættir skoðuð sem og menntun leikskólakennara. Þá fjallaði höfundur sérstaklega um bæði bóknámsrek og kerfisrek í skólakerfinu. Í þessari grein verður litið til baka og nokkur þeirra álitafna sem Jón Torfi veltir upp skoðuð nú 16 árum síðar. Spurt er: Hvað hefur gerst í málefnum leikskólans á hálfum öðrum áratug? Á hvaða vegferð er íslenski leikskólinn? Sjónum er annars vegar beint að ytri áhrifaþáttum, svo sem samfélagsbreytingum liðinna ára, breytingum á leikskólakennaramenntuninni og opinberri stefnumótun í málefnum leikskólans. Hins vegar er litið til innra starfs leikskólans og leitast við að greina þau áhrif sem stefnumótunin hefur haft eða ekki haft á starfshætti leikskólans. Fjallað er um leikskólann sem gæslu eða skóla og færð rök fyrir að í leikskólum fari fram hvort tveggja; nám og umönnun. Bóknámsrek í leikskólum landsins er til umfjöllunar og velt vöngum yfir ástæðum þess að samfelld nám barna hefur ekki orðið að veruleika. Loks eru þær breytingar sem orðið hafa á viðhorfum til barna í kjölfar Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins reifaðar. Notuð var skjalagreining og farið yfir opinber gögn um leikskólann á liðnum 16 árum. Meginniðurstaða greinarinnar er að sú þróun sem orðið hefur varðandi ytri umgjörð og innra starf íslenska leikskólans sé um margt til fyrirmyndar. Hins vegar virðast vera teikn á lofti um ósamræmi milli opinberrar stefnu og starfshátta sem benda til þess að huga þurfi betur að innleiðingu og eftirfylgni stefnumótunar.

**Efnisorð:** Leikskóli, bóknámsrek, gæsla eða skóli, stefna, starfshættir

## Inngangur

Hér verður fjallað um þær breytingar sem orðið hafa í málefnum leikskólans á þeim 16 árum sem liðin eru frá því að bók Jóns Torfa Jónassonar *Frá gæslu til skóla: Um þróun leikskóla á Íslandi* kom út. Þar greindi hann þróun leikskólastigsins frá mörgum ólíkum sjónarhornum, fjallaði m.a. um stöðugleika orðræðunnar um leikskóla og um hvað umræður og deilur um leikskólastarf höfðu snúist. Í ritinu er sérstaklega fjallað um bæði bóknámsrek og kerfisrek auk þess sem höfundur fer yfir sögu leikskólans á Íslandi, skoðar formlega umgjörð hans og starfshætti auk þess sem hann veltir fyrir sér menntun leikskólakennara.

Í þessari grein er umfjölluninni skipt í tvennt; fyrst eru dregnar fram þær breytingar sem orðið hafa á ytri umgjörð leikskólans og hafa haft áhrif á starfshætti hans. Notuð var skjalagreining og farið yfir opinber gögn um leikskólann á síðastliðnum 15 árum. Fjallað er um þær breytingar sem orðið hafa á samsetningu barnahópa í leikskólum landsins með auknum fólksflutningum og alþjóðavæðingu,

Þróun leikskólakennaramenntunar sem og þær breytingar sem stefnumótun í málefnum barna og leikskóla hefur tekið á þessum tíma. Í síðari hluta greinarinnar er rýnt í þær breytingar sem orðið hafa á innra starfi leikskólans og leitað fanga í nýlegum íslenskum leikskólarannsóknnum. Þau málefni sem eru ofarlega á baugi í málefnum leikskóla nú um stundir eru gaumgæfð, svo sem hugmyndir um leikskólann sem gæslu eða skóla, bóknámsrek, samfellt nám og réttindi barna. Þessir þættir eru skoðaðir í ljósi samtímahugmynda og þróunar í menntunarfræðum ungra barna.

## Ytri umgjörð

### Fjölmennningarlegt skólastarf

Með auknum fólksflutningum á milli landa á síðustu áratugum hefur samsetning barnahópa í leikskólum landsins gjörbreytt og margir leikskólar eru því orðnir fjölmennningarlegur vettvangur. Árið 2006 voru leikskólabörn með annað móðurmál en íslensku 1333 eða tæp 8% en árið 2019 voru þau alls 2713 eða 14% (Hagstofa Íslands, e.d.). Þessar breytingar á samsetningu barnahópa kalla í ríkari mæli á fjölmennningarlegar starfsaðferðir. Rannsóknir sýna að þar sem vel hefur tekist að mæta þörfum barna af erlendum uppruna í leikskólum á Íslandi hefur starfsfólk þekkingu á hvernig þróa á námsrými þar sem leitast er við að virkja öll börn til þátttöku og mæta þörfum þeirra. Leikskólinn gegnir einnig hlutverki gagnvart fjölskyldum barnanna og með góðu samstarfi starfsfólks og foreldra getur leikskólinn verið gátt inn í samfélagið og komið þannig til móts við fjölskyldur barnanna (Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2016). Í nýlegri skýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins er lagt til að fjölmennningarlegt skólastarf „sem fagnar margbreytileika, fjölbreytni í nemendahópnum og byggir á auðlindum og styrkleikum barna og ungmenna verði aðalsmerki skólakerfisins“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020, bls. 65). Í þingsályktun nr. 16/151 um menntastefnu fyrir árin 2021–2030 kemur jafnframt fram mikilvægi þess að skólar nýti þá auðlind sem felst í fjölmennningarlegu skólastarfi, fagni margbreytileika nemenda og leitist við að nýta þekkingu þeirra samfélaginu til heilla. Nokkur sveitarfélög hafa brugðist við þessum lýðfræðilegu breytingum og sett fram stefnu um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf (Reykjavíkurborg, 2014). Nokkuð misjafnt er hvernig kennurum og skólum hefur gengið að laga starfið að fjölmennningarlegum barnahópum (Anna Magnea Hreinsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2019). Menntun, starfsþróun og áhugi einstaka kennara er mikilvægur áhrifaþáttur (Hanna Ragnarsdóttir o.fl., 2016). Niðurstöður norrænnar rannsóknar á menntun barna með erlendan bakgrunn leiddu í ljós að góður árangur einstakra skóla í að vinna með fjölbreyttum barnahópum hvíldi að verulegu leyti á herðum einstaka lykilkennara í skólunum (Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, 2018).

### Menntun leikskólakennara

Á tiltölulega skömmum tíma hafa orðið miklar breytingar á menntun leikskólakennara. Stór skref voru stigin þegar leikskólakennaranám færðist á háskólastig með sameiningu Fósturskólans og Kennaraháskóla Íslands árið 1998 og þegar leikskólakennaranám hófst við Háskólann á Akureyri 1996. Fyrstu leikskólakennararnir voru brautskráðir með B.Ed.-próf vorið 1998 frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands og áratug síðar hlaut leikskólakennarastarfið lögverndun (lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008). Árið 2011 var Ísland meðal fyrstu þjóða til að lengja kennaranám í fimm ár þar sem krafist var meistaraprófs til að öðlast kennsluréttindi á öllum skólastigum (lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008; reglugerð um inntak menntunar leik, grunn- og framhaldsskólakennara nr. 872/2009).

Ný lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla (nr. 95/2019) tóku gildi árið 2020. Þau kváðu á um eitt leyfisbréf fyrir kennara á öllum skólastigum. Samkvæmt því þurfa allir kennarar að búa yfir almennri hæfni sem samsvarar að lágmarki 60 námseiningum í uppeldis- og kennslufræði en hafa síðan val um sérhæfingu á leikskólastigi, grunnskólastigi, eða í list- og bóknámsgreinum á framhaldsskólastigi, að lágmarki 60 námseiningar. Miðað er við að nemendur sem innritast í kennaranám frá og með skólaárinu 2021–2022 útskrifist af námsbrautum skipulögðum samkvæmt þessu fyrirkomulagi (Samráðsgátt,

2019). Reynslan mun leiða í ljós hvaða áhrif þessi lagabreyting mun hafa á leikskólastarf, hvort hún hafi jákvæð áhrif á faglega þróun kennara, auki sveigjanleika og flæði á milli skólastiga, og stuðli að fjölgun leikskólakennaranema – eða hvort hún hafi neikvæð áhrif á leikskólastarf á þann hátt að hugmyndafræði leikskóla verði undir og ólíkar starfsaðstæður kennara í leikskóla og grunnskóla geri það að verkum að leikskólakennarar velji að starfa í grunnskólum.

Á undanförunum árum hefur verið leitað ýmissa leiða til að mæta þörfum samfélagsins fyrir fleiri leikskólakennara og fjölga nemendum í leikskólakennaranámi. Átaksverkefni til að vekja athygli á náminu og leikskólastarfinu hafa verið sett á fót (t.d. Framtíðarstarfið, e.d.). Boðið hefur verið upp á fjölbreyttar leiðir í meistaranámi og nemendur með bakkalárgráðu í greinum skyldum menntunarfræði geta bætt við sig meistaragráðu og öðlast kennsluréttindi. Einnig geta nemendur tekið námskeið í stað þess að skrifa 30 eininga rannsóknarritgerð (Háskóli Íslands, 2021a). Einnig hefur þróunarverkefni verið sett á laggirnar við að innleiða raunfærnimat í leikskólakennaranámi, sem felur í sér að hægt er að meta fyrri reynslu nemenda til eininga (Háskóli Íslands, e.d.).

Lenging kennaranámsins, áhersla stjórnvalda á styrkingu leikskólakennaranámsins og hvatar fyrir fólk til að stunda kennaranám eru í samræmi við alþjóðlegar áherslur um mikilvægi leikskólans í mótun samfélagsins og fyrir menntun og velferð barna. Í gæðaviðmiðum Ráðs Evrópusambandsins um leikskólamenntun er kveðið á um mikilvægi fyrstu ára. Þar segir:

Stefnumótandi aðilar og rannsakendur eru sammála um mikilvægi leikskólagöngu barna og þau áhrif sem leikskólaárin hafa á líf þeirra og áframhaldandi nám. Með því að leggja áherslu á nám og velferð barna í leikskóla er verið að mynda grunn að samþætту námi, þroska og velferð. Það er því mikilvægt að viðurkenna leikskólann sem fyrsta stig í samfelldri menntun barna. (Ráð Evrópusambandsins, 2019, 3. liður, bls. 4)

Ljóst er að á þeim árum sem liðin eru frá útgáfu bókar Jóns Torfa um leikskólann hefur markvisst verið unnið að því að styrkja gæði fyrsta skólastigsins með aukinni fagmennsku og þekkingu leikskólakennara á hugmyndafræði og starfsháttum leikskóla.

## Opinber stefnumótun

Sú þróun sem orðið hefur í stefnumótun í menntamálum hér á landi og á alþjóðavísu hefur haft bæði bein og óbein áhrif á leikskólastarf. Hér verður gerð grein fyrir helstu áhrifaþáttum.

### *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*

Á undanförunum árum hefur sjónum í auknum mæli verið beint að réttindum barna og þátttöku þeirra í ákvarðanatöku í leikskólastarfi. Þar er mikilvægur áhrifavaldur sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) sem var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989 og fullgiltur á Íslandi 1992 (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins I. hluti, 1992). Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi þann 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenski löggjöf (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Barnasáttmálinn vakti athygli á samfélagslegri stöðu barna og í kjölfar hans urðu málefni barna og réttindi þeirra alþjóðlega viðurkennd. Áhersla er lögð á virðingu fyrir sjónarmiðum barna og rétti þeirra til að hafa áhrif á málefni sem varða þau. Samningurinn tekur einnig á rétti barna á vernd fullorðinna fyrir hugsanlegri skaðlegri reynslu.

## Menntun fyrir alla

Hugmyndin um menntun fyrir alla hefur endurspeglast í lögum um leikskóla og aðalnámskrá síðustu áratugi (Gretar L. Marinósson og Dóra S. Bjarnason, 2016). Úttekt Evrópumíðstöðvar á stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi sem gerð var árið 2016 leiddi þó í ljós að ekki var sameiginlegur skilningur á hugtakinu menntun án aðgreiningar. Þar af leiðandi ríkir óöryggi um framkvæmd stefnunnar og hvernig best verði komið til móts við ólíkar þarfir barna, meðal annars í leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017). Úttektaraðilar leggja fram sjö tillögur til aðgerða sem felast meðal annars í að allir í skólasamfélaginu gefi öllum börnum og ungmennum

kost á gæðamenntun, löggjöf og stefnumótun tryggji öllum jöfn tækifæri og þeirri stefnu sé komið til framkvæmda á árangursríkan hátt. Einnig að ráðstöfun fjármuna taki mið af sjónarmiðum um jöfnuð. Að auki er mikilvægi starfsþróunar undirstrikað í tillögum úttektaaðila. Nokkur dæmi eru um leikskólastarf þar sem vel hefur tekist til að innleiða starfshætti í anda hugmyndafræði um menntun fyrir alla og sýna niðurstöður rannsókna að helstu einkenni leikskólastarfs sem tekur mið af henni byggja á heildrænum aðgerðum og stuðningi sem gerir öllum börnum kleift að tilheyra í leikskólanum og taka virkan þátt í leik og námi með jafningjum sínum í daglegu starfi (Anna Magnea Hreinsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2019).

## Ný menntastefna

Árið 2021 var þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021–2030 samþykkt á Alþingi og fyrsta aðgerðaáætlun í innleiðingu hennar kynnt (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021a; þingsályktun nr. 16/151 um menntastefnu fyrir árin 2021–2030). Meginildi menntastefnunnar eru þrautseigja, hugrekki, þekking, hamingja og sjálfbærni. Stefnan byggir á fimm stöðum sem styðja við þær áherslur sem fram koma í Barnasáttmálanum og aðalnámskrám. Ekki er reiknað með að aðalnámskrár falli úr gildi við innleiðingu menntastefnunnar, heldur fer fram endurskoðun á afmörkuðum þáttum þeirra. Fyrsta aðgerðaáætlunin inniheldur níu aðgerðir sem allar hafa áhrif á leikskólastarf. Má þar helst nefna heildstæða skólaþjónustu sem styður við nám barna, nýsköpun og skólaþróun, markvissan stuðning við börn með fjölbreyttan bakgrunn, fjölgun kennara og áherslu á raddir barna og áhrifamátt þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021b).

## Aðalnámskrá leikskóla

Núgildandi *Aðalnámskrá leikskóla* frá árinu 2011 viðheldur þeirri hefð sem aðrar áætlanir og námskrár hafa mótað, að fjalla um hugmyndafræði leikskóla og leiðarljós ásamt leiknum sem kjarna leikskólastarfs og helstu námsleið ungra barna. Í samræmi við samtímahugmyndir, þróun í menntunarfræðum ungra barna og Barnasáttmálanum gætir aukinnar áherslu í núgildandi námskrá á sjónarmið barna og lýðræðislegt leikskólastarf sem byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þá er lögð áhersla á samfellu í námi barna og tengsl milli skólastiga og samþættingu námssviða leikskólans. Aðalnámskráin kveður á um að leikskólastarf sé metið á lýðræðislegan hátt skv. þeim gildum sem sett eru fram í námskránni og reglugerð nr. 893/2009 um mat á leikskólastarfi. Leikskólar eru hvattir til að móta sér sérstöðu í skólanámskrá sem byggir á þeim gildum og áherslum sem koma fram í *Aðalnámskrá leikskóla* og skólastefnu viðkomandi sveitarfélags (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011b).

## Innra starf

### Frá gæslu til skóla

Leikskólastarf á Íslandi byggir á norrænni leikskólahefð þar sem áhersla er lögð á lýðræðisleg vinnubrögð, réttindi, sjónarmið og frumkvæði barna, leik sem helstu námsleið og leik, menntun og umönnun sem samverkandi þætti (Broström o.fl., 2018; Jóhanna Einarsdóttir og Wagner, 2006; Kristín Karlsdóttir o.fl., 2019; Ringsmose og Kragh-Müller, 2017). Ákveðinnar tvíhyggju hefur gætt í umræðu um hlutverk leikskóla sem annars vegar gæslu- og þjónustustofnunar fyrir foreldra og hins vegar sem menntastofnunar fyrir börn og fyrsta skólastigið í skólakerfinu á Íslandi (Jón Torfi Jónsson, 2006). Þessarar tvískiptingar gætir í nýjum tillögum stýrihóps á vegum Reykjavíkurborgar, þar sem settar eru fram hugmyndir um tvískipt leikskólastarf. Fyrri hluta dags er gert ráð fyrir að fram fari skipulagt starf skv. áherslum aðalnámskrár en eftir kl. 14 á daginn verði skipulagið óformlegt og einkennist af frjálsum, sjálfsprottum leik með áherslu á grunnþarfir barna, öryggi, umhyggju, vellíðan og einstaklingsbundna aðstoð eftir atvikum (Reykjavíkurborg, 2021).

Þessar hugmyndir eru nokkuð á skjön við samtímahugmyndir í menntunarfræðum ungra barna og áherslur í nágrannalöndunum þar sem lagt hefur verið til grundvallar að leikskólinn sé hluti af samþættu kerfi fyrir börn og fjölskyldur án aðgreiningar náms og uppeldis. Bent hefur verið

á mikilvægi þess að sameina þessi ólíku hlutverk og viðurkenna leikskólann sem hvort tveggja í senn, sem menntastofnun en einnig mikilvægan félagslegan og menningarlegan vettvang fyrir börn og fjölskyldur. Þannig er litið á menntun í víðu samhengi þar sem áhersla er lögð á samþættingu eftirfarandi þátta: Umhyggju, öryggis, sjálfsmýndar, vellíðanar, fullgildis (e. belonging), þroska og náms (Cameron og Moss, 2020). Af sama meði eru áherslur OECD (2011) um fjölskylduvæna stefnu sem sameinar atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf með sveigjanlegum vinnutíma og góðu aðgengi að stofnunum sem stuðla að þroska barna og námi.

## Bóknámsrek

Jón Torfi fjallar um hugtökin bóknáms- og kerfisrek og vísar þá til þeirrar tilhneigingar eins kerfis að horfa til kerfisins næst fyrir ofan og starfshátta þess. Hann segir í bók sinni að sér virðist bóknámsrekið vera greinilegt bæði í leikskólanum og í fagmenntuninni og bendir á að formlengt nám sé að aukast á kostnað leiks sem námsleiðar (Jón Torfi Jónasson, 2006). Þegar þróun ytri umgjörðar og innra starfs leikskólans er skoðuð má greina aukið bóknámsrek í íslenskum leikskólum á undanföllum áratugum, sem meðal annars felst í kennarastýrðum verkefnum og prófunum á færni leikskólabarna (sjá t.d. Hólmfríður Sigmarsdóttir, 2021). Í nýrri skýrslu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um styrkingu leikskólastigsins eru lagðar fram tillögur um breytingar til að styrkja leikskólastarf, meðal annars um stöðu leiksins sem helstu námsleiðar barna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021b). Þrátt fyrir skýra stefnumótun um leik sem helstu námsleið barna og mikilvægi þess að styðjast við athuganir og skráningar til að meta starf og nám sýna rannsóknir að leikskólakennarar gera oft málamiðlanir í daglegu starfi sem oft eru ekki í samræmi við starfskenningu þeirra og hugmyndir (Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2016). Dæmi eru um að settar séu upp skipulagðar kennarastýrðar stundir í stað þess að treysta á leik sem námsleið barna og styðja við hann. Ástæður þess eru m.a. að stöðluð mælitæki, sem notuð eru til að meta hæfni barna einkum í málþroska og hreyfingu, kalla á kennarastýrð verkefni (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2013; Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir, 2013; Jóhanna Einarsdóttir, 2013; Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir, 2016).

Nýleg rannsókn hér á landi sýnir að þrátt fyrir að starfsfólk leikskóla telji mikilvægustu námsþætti leikskólans tengjast félagslegri hæfni, vellíðan, sjálfstæði og sköpun þá eru þessir þættir ekki í forgrunni við skráningu og mat í leikskólanum. Þess í stað eru notuð stöðluð mælitæki til að meta hæfni barna (Kristín Karlsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2022). Þetta er í samræmi við þróunina í nágrannalöndunum þar sem áhersla á samræmd próf og mælanlegan árangur í lestri, stærðfræði og vísindum hefur orðið sífellt meira áberandi í umræðu um leikskólamál. Dæmi um þessar áherslur má merkja á nýlegu samræmdu leikskólafærniþrófi OECD (2017a). Þessar áherslur hafa hlotið mikla gagnrýni frá sérfræðingum í leikskólafræðum víða um heim (Moss o.fl., 2016; Vandenberg, 2017).

## Samfellt nám

Samfella milli leikskóla og grunnskóla hefur á síðustu árum verið í brennidepli í alþjóðlegri stefnumótun um skólamál (OECD, 2017b). Samfella er einnig áberandi leiðarstef í íslenskrum menntastefnu. Námskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla eiga sameiginlega sex grunnþætti; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessum grunnþáttum er ætlað að skapa samfellu í námi barna. Í aðalnámskrám leikskóla og grunnskóla er sérstaklega kveðið á um samfellu og tengsl milli skólastiganna og mikilvægi þess að kennarar skólastiganna kynni sér nám og starfsaðferðir hver annars (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011a, 2011b). Þrátt fyrir það virðast ekki hafa átt sér stað miklar breytingar á samvinnu milli skólastiganna á undanföllum árum, eins og fram kemur í rannsóknnum sem unnar voru með nær 20 ára millibili (Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2022; Jóhanna Einarsdóttir, 2004). Í nýlegri rannsókn kom fram að þótt starfsfólk skólastiganna teldi mikilvægt að eiga í faglegu samstarfi varðandi nám barnanna þá virtist samstarfið einkum felast í heimsóknnum leikskólabarna í grunnskólann og upplýsingar sem fóru á milli um börnin vörðudu einkum námslega stöðu þeirra. Þátttakendur töldu ýmsa skipulagslega þætti og vilja skólastjórnenda standa í vegi fyrir frekara samstarfi (Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2022).



Leikskólinn er fyrsta skólastigið og á undanförunum árum hefur aukin áhersla verið lögð á mikilvægi tengsla og samfellu milli skólastiga. Þar virðast takast á nokkuð ólík viðhorf. Annars vegar er áhersla lögð á mikilvægi leikskólanáms fyrir farsæld og velferð barna, félagslega hæfni og tilfinningalega vellíðan. Lítið er á umönnun og nám sem samverkandi þætti og leik sem meginnámsleið leikskólabarna og aðalkennsluáðferð leikskólans. Lögð er áhersla á að nám barna þurfi að vera samfellt frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla, þar sem skólastigið sem tekur við byggir á þeirri reynslu og námi sem barnið hefur öðlast á fyrri stigum, sbr. Dewey (1938/2000). Andstæð sjónarmið beinast að mikilvægi leikskólans sem undirbúningi fyrir grunnskólann (Moss, 2013). Þessar áherslur birtast m.a. í stöðluðum prófum í afmörkuðum færniþáttum, gagnreynðum aðferðum og ýmiss konar tilbúnu námsefni sem leikskólar og rekstraraðilar eiga kost á að kaupa af einkaaðilum. Þarna má augljóslega greina bóknámsrek þar sem hefðir og starfshættir grunnskólans flytjast niður í leikskólann. Tillögur um skiptingu leikskóladagsins í leik og nám og flutningur fimm ára barna í grunnskólann eru af sama meidi (Reykjavíkurborg, 2021).

## Lýðræði og réttindi barna

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins felst sú skuldbinding að þeir sem vinni með börnum hlusti á þau, taki alvarlega það sem þau hafa að segja og leyfi sjónarmiðum þeirra að hafa áhrif á umhverfið (Brooker, 2011). Hér á landi hefur rannsóknnum með börnum vaxið fiskur um hrygg, þar sem rannsakendur hafa leitað eftir sjónarmiðum og reynslu barna af mikilvægum þáttum í lífi þeirra (t.d. Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012; Guðrún Alda Harðardóttir og Kristján Kristjánsson, 2012; Hrönn Pálmadóttir og Johansson, 2015; Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2003; Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir, 2019; Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2017, 2019). Niðurstöður þessara rannsókna sýna að börn hafa getu til að tjá skoðanir sínar ef viðeigandi aðferðum er beitt til að nálgast sjónarmið þeirra. Niðurstöður sýna einnig að ekki skorti vilja meðal leikskólakennara að hlusta á börn og virkja áhrifamátt þeirra, en það virðist hins vegar ekki hafa forgang í önnum dagsins. Nýleg rannsókn með leikskólabörnum með fjölbreyttan bakgrunn og leikskólakennurum þeirra bendir til þess að hugmyndin um hæfa og sjálfstæða barnið sem einkennt hefur norræna leikskólahugmyndafræði hafi að einhverju leyti snúist upp í andhverfu sína þar sem börnin leituðu ekki til starfsfólksins eftir stuðningi. Starfsfólkið hafði ýmsar hugmyndir um fullgildi barnanna en þær hugmyndir virtust ekki endurspeglast nema að litlu leyti í starfsháttum þess (Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020).

Rannsóknir hér á landi og í nágrannalöndunum benda til þess að börn hafi oft lítið um skólastarfið að segja og fá ekki raunveruleg tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri ákvarðanatöku. Í stað þess að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar, þá virðast börn helst hafa möguleika á að hafa áhrif á einstaklingsbundna þætti sem settir eru fram sem val út frá fyrir fram ákveðnum möguleikum sem kennarar útbúa (Jóhanna Einarsdóttir, 2022). Ekki er ljóst hvaða áhrif Barnasáttmálinn og rannsóknir með börnum hafa haft á leikskólastarf hér á landi, en margir leikskólar hafa sýnt áhuga á að innleiða ákvæði Barnasáttmálans á markvissan hátt, meðal annars í samstarfi við UNICEF (Eiður Þór Árnason, 2021). Nokkuð er um að leikskólar hafi lagað starfshætti sína að hugmyndum sáttmálans. Sem dæmi má nefna markvissa vinnu leikskólans Rjúpnahæðar (2021) með Barnasáttmálann, þar sem áhersla er lögð á sjálfræði barna og að barnið geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þekkingu og vangaveltum um það sem það telur rétt eða rangt.

## Samantekt og umræða

Á skömmum tíma hafa orðið miklar breytingar á barnahópum í íslenskum leikskólum í kjölfar aukinna fólksflutninga, með auknum fjölda flóttamanna og alþjóðavæðingu í menntun og á vinnumarkaði. Stefnumótunaraðilar, stjórnendur og starfsfólk leikskóla hafa því í auknum mæli þurft að laga skólastarf að fjölbreyttum barnahópum. Drög að stefnu um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020) eru viðbrögð stjórnvalda við þessari þróun. Menntun leikskólakennara hefur sömuleiðis tekið

gríðarlegum breytingum á skömmum tíma – frá því að vera sérhæft framhaldsskólanám í lok síðustu aldar í að vera fimm ára háskólanám nú um stundir (Jóhanna Einarsdóttir, 2012). Leikskólinn er fyrsta stig í samfelldri menntun einstaklingsins. Aukin áhersla á vel menntað starfsfólk leikskóla helst í hendur við fræðilega þekkingu á námi barna og alþjóðlegar áherslur á mikilvægi leikskólans fyrir börn, fjölskyldur og samfélagið í heild. Með vel menntuðu starfsfólki aukast gæði samskipta og viðfangsefna í leikskólum sem leiðir til aukins árangurs í námi barna (Ráð Evrópusambandsins, 2019).

Auk örra samfélagsbreytinga og þróun leikskólakennaranámsins hefur alþjóðleg og innlend stefnumótun, sem snertir leikskólann, tekið töluverðum breytingum á þeim árum sem liðin eru frá útgáfu bókar Jóns Torfa Jónassonar *Frá gæslu til skóla: Um þróun leikskóla á Íslandi*. Þar ber helst að nefna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem var lögfestur hér á landi árið 2013 (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Aðalnámskrá leikskóla var endurskoðuð og markvisst tengd námskrám hinna skólastiganna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011b). Stefna um menntun án aðgreiningar hefur verið endurmetin (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017) og ný menntastefna fyrir árin 2021–2030 hefur verið samþykkt (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021a). Þegar stefnumótun í málefnum sem varða leikskólann er gaumgæfð er ljóst að umgjörð íslenska leikskólans er um margt til fyrirmyndar. Leikskólinn er ætlaður öllum börnum óháð efnahag og uppruna. Áhersla er lögð á að öll börn eigi rétt á að tilheyra leikskólanum og að þar séu sjónarmið og réttindi barna í forgrunni. Litið er á nám, leik og umönnun sem samverkandi þætti, leikur er viðurkenndur sem helsta námsleið barna, skólagangan á að mynda eina samfellda heild og gert er ráð fyrir þátttöku starfsfólks, foreldra og barna í mati á leikskólastarfi. Þessi ytri rammi sem leikskólanum er búinn hefur skipað íslenskum leikskólum í fremstu röð (European Commission, 2019).

Þegar rýnt er í rannsóknir á innra starfi leikskóla og þróun leikskólastarfs í einstaka leikskólum og sveitarfélögum virðast vera teikn á lofti um ósamræmi milli stefnu og starfshátta. Jón Torfi benti á að ákveðinnar tvíhyggju gætti í umræðu um hlutverk leikskóla sem annars vegar gæslu- og þjónustustofnunar fyrir foreldra og hins vegar sem menntastofnunar fyrir börn og fyrsta skólastigið (Jón Torfi Jónasson, 2006). Þrátt fyrir skýra stefnu í aðalnámskrá um samþættingu leiks, náms og umönnunar og samtímahugmyndir í menntunarfræðum ungra barna, þar sem litið er á menntun í víðu samhengi og leikskólann sem hvort tveggja í senn menntastofnun og félags- og samfélagslegan vettvang fyrir börn og fjölskyldur (Cameron og Moss, 2020), þá er ljóst að ekki hefur dregið úr þessari tvíhyggju að undanförunu og kristallast það t.d. í umræðu og tillögum um skiptingu leikskóladagsins í nám og leik (Reykjavíkurborg, 2021).

Einnig má greina hróplegt ósamræmi milli annars vegar áherslna *Aðalnámskrár leikskóla á leik* sem aðalnámsleið barna og athuganir og skráningar sem leið til að meta það nám sem fram fer í leik barna og hins vegar staðlaðra prófa í afmörkuðum færniþáttum sem lögð eru fyrir leikskólabörn. Þrátt fyrir að skráningar og athuganir séu af menntunarfræðingum viðurkenndar sem megináðferðir í mati á námi barna á leikskólaaldri er bóknámsrek (Jón Torfi Jónasson, 2006) nú veruleiki í íslensku leikskólastarfi. Áherslur grunnskólans á ákveðnar námsgreinar hafa náð til leikskólans og birtast m.a. í að skipulagðar kennarastýrðar stundir hafa í auknum mæli leyst leikinn af hólmi. Einnig hafa stöðluð próf í ákveðnum færniþáttum haldið innreið sína í leikskólann (sjá t.d. Hólmfríður Sigmarsdóttir, 2021). Velta má fyrir sér hvaðan þær áherslur koma og af hverju þeir þættir sem leikskólakennurum finnst mikilvægir, þ.e. félagsleg hæfni, vellíðan, sjálfstæði og sköpun, eru ekki metnir með þeim aðferðum sem þykja henta í leikskólum, heldur notast við samræmd próf og tilbúið námsefni í stað opins leikefnis (Kristín Karlsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2022).

John Dewey (1938/2000) fjallaði um gildi samfellu í námi barni og hafði þá sýn að hverju skólastigi bæri að byggja á þeirri reynslu og þekkingu sem barn hefði öðlast á fyrri stigum. Samfella í námi barna er einnig leiðarstef í aðalnámskrám skólastiganna. Þær áherslur virðast sums staðar hafa snúist upp í andhverfu sína. Í stað þess að skólastigið fyrir ofan líti til þess sem börn hafi fengið við og lært áður, er einblínt á leikskólann sem undirbúning fyrir grunnskólann. Þetta virðist ekkert hafa breyst á undanförunum árum þrátt fyrir áherslur á heildstætt og samfellt nám í alþjóðlegri stefnumótun (OECD, 2017b) og ákvæði í námskrám skólastiganna (Mennta- og menningarmálaráðuneyti,

2011a, 2011b). Starfendarannsóknir og þróunarverkefni með áherslu á samfellt nám og samvinnu leik- og grunnskóla virðast ekki hafa skilað sér nægjanlega, þannig að skólastigin líti á það sem mikilvægan þátt í sínu starfi að vinna saman að velferð barna (Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2022). Hugsanlegra skýringa er að leita í sögulega ólíku hlutverki leik- og grunnskóla og ólíkum gildum og væntingum til skólastiganna. Þetta fálæti birtist einnig í kennaramenntuninni þar sem námskeið um tengsl skólastiganna við Menntavísindasvið HÍ hefur verið skylda fyrir nema í leikskólakennarafræðum en einungis valkvætt fyrir grunnskólakennaranema.

Eins og í öðrum norrænum leikskólanámskrám er lýðræði áberandi þráður í Aðalnámskrá leikskóla. Þar er gildið lýðræði sett fram út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar er lögð áhersla á lýðræðislegt uppeldi og vísað til ábyrgðar kennara á að kenna og miðla lýðræðislegum gildum. Hins vegar er lögð áhersla á að börn læri lýðræði með þátttöku í lýðræðissamfélagi í leikskólanum (Jóhanna Einarsdóttir, 2017). Með lögbindingu Barnasáttmálans var stigið stórt skref í réttindum barna auk þess sem sáttmálinn kynnti þau viðhorf til barna að þau væru mikils megnug og hefðu hæfni og dug til að láta í ljós skoðanir sínar. Fjöldi rannsókna hér á landi og annars staðar hafa staðfest þetta. Þegar þetta er ritað er ekki ljóst hvernig þessar hugmyndir hafa skilað sér í leikskólastarfi, þó ekki virðist skorta vilja meðal leikskólakennara. Þegar skólanámskrár leikskóla eru skoðaðar má sjá að leikskólar setja hag barna og réttindi þeirra í forgang og margir þróa leiðir til að hlusta á sjónarmið barna og virkja áhrifamátt þeirra í daglegu starfi, eins og greina má á þeim erindum sem kynnt voru á Menntakvikunni 2021, árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (Háskóli Íslands, 2021b).

Í þessari grein hefur verið litið til baka og nokkur þeirra álitafna, sem Jón Torfi velti upp, verið skoðuð nú 16 árum síðar. Ljóst er að margt hefur breyst á þessum tíma þó að vissulega ríki stöðugleiki í ýmsum málum. Stefnumótun síðastliðinna ára hefur skipað íslenska leikskólanum í fremstu röð og búið honum faglega umgjörð. Margar áskoranir blasa þó við. Misræmi í stefnumótun og starfsháttum er umhugsunarefni og kallar á að hugað verði betur að eftirfylgni og innleiðingu stefnumótunar. Það veldur jafnframt áhyggjum að leikskólakennarar eru í minnihluta í leikskólum og margt bendir til þess að fagleg sýn þeirra ráði ekki alltaf för í innra starfi leikskóla.

### **The development of preschools in Iceland**

In 2006, Dr Jón Torfi Jónsson published *Frá gæslu til skóla: Um þróun leikskóla á Íslandi* [From Caregiving to School: On the Development of Preschools in Iceland], a book that analyses the development of Iceland's preschool system from various perspectives and discusses both the stability of the discourse about preschool and conflicting views on preschools. Addressing the concept of so-called "schoolification" in relation to the history of preschool education in Iceland, the book also examines the formal framework and practices of preschools in the country as well as preschool teacher education.

In the 16 years since the book's publication, the population of children in Iceland's preschools has become increasingly diverse. In response, policymakers, administrative leaders, principals, and preschool teachers have increasingly had to adjust policy and preschool practices for diverse groups of children. In parallel, preschool teacher education has evolved significantly in the country, and working as a preschool teacher now requires a master's degree.

This article reflects on some of the trends that Jónsson observed 16 years ago, guided by the questions of what has happened in preschools in Iceland during that period and in what direction the preschools are headed. On the one hand, the article examines external factors, including recent social changes in Iceland, developments in the country's preschool teacher education and public policy regarding preschool education. To that end, public policy documents from the last 16 years are analysed to identify changes as well as consistency in such trends in preschools. On the other hand, it also focuses on internal factors by analysing how public policy has or has not influenced preschool practice. For that purpose, research conducted in preschools in Iceland in recent decades is examined.



In keeping with Jónasson's book, the article elaborates on preschools as places for education and caregiving (*gæsla*) and argues that they have to be both. With reference to the concept of schoolification in Icelandic preschools, the article also investigates why continuity in children's education has not become a reality. Furthermore, the changes the Convention on the Rights of the Child has caused in how children are viewed are discussed as well.

Above all, the article concludes that the development of the framework and policy of preschools in Iceland has been exemplary in several ways. However, indications of inconsistencies between policy and practice can be identified; these are, for instance, highlighted in the discrepancy between the national curriculum guidelines' emphasis on play as children's primary mode of learning and, conversely, on documentation as the primary way of evaluating children's learning in preschool. In reality, the emphasis on standardised tests for limited skills used to assess preschool children's learning and development has increased. Discontinuity is another source of inconsistency. For instance, Iceland's education policy stresses continuity in children's learning in terms of six pillars—literacy, sustainability, health and well-being, democracy and human rights, equality and creativity—from preschool to secondary school. In reality, preschools are, however, largely considered to be a preparatory step towards attending primary school instead of considering what children have already learned in preschool by the time they enroll in primary school. Although the enactment of the Convention on the Rights of the Child was a milestone in assuring children's rights in Iceland, it remains unclear how the views presented in the Convention have been manifested in preschool practices, despite clear indications that preschools are taking the Convention seriously.

Inconsistency between Icelandic preschool policy and practice warrants attention and reflection, especially to ensure follow-up on policy. It is also worrying that preschool teachers are in the minority in preschools and that their professional views are not always in the foreground.

**Key words:** preschool, schoolification, policy, practices.

### Um höfunda

Jóhanna Einarsdóttir ([joein@hi.is](mailto:joein@hi.is)) er prófessor í menntunarfræðum ungra barna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún er einnig heiðursdoktor við Háskólann í Oulu í Finnlandi. Hún hlaut viðurkenningu fyrir framlag sitt til rannsókna á menntun ungra barna frá University of Illinois árið 2018. Hún hefur stundað rannsóknir í leik- og grunnskólum um árabíl og ritað fjölda fræðigreina og bóka um efnið. Sérsvið hennar eru rannsóknir með börnum, samfella í námi barna og starfendarannsóknir. Hún er þátttakandi í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum, bæði sem rannsakandi og ráðgjafi. Jóhanna situr í stjórn European Early Childhood Education Research Association.

Anna Magnea Hreinsdóttir ([amh@hi.is](mailto:amh@hi.is)) lauk námi í tómsundafræðum frá Göteborgs folkhögskola í Svíþjóð árið 1980, B.Ed.-gráðu í leikskólafræðum frá Kennaraháskóla Íslands árið 1999 og meistaraþrófi frá sama skóla árið 2003. Árið 2009 lauk hún doktorsþrófi í menntunarfræðum frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands með áherslu á lýðræðislegt umræðumat á skólastarfi. Hún vann sem leikskólustjóri og leikskólafulltrúi á árunum 1991–2015 og var sviðsstjóri fjölskyldusviðs Borgarbyggðar á árunum 2015–2020. Nú starfar hún sem aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

### About the authors

Jóhanna Einarsdóttir (joein@hi.is) is a professor of education at the School of Education, University of Iceland. She holds an Honorary Doctorate from the University of Oulu in Finland and was awarded The Distinguished Alumni Achievement Award from University of Illinois in 2018. Professor Einarsdóttir has published and presented numerous papers and research results on early childhood education, educational transitions, and children's perspectives on their preschool education, to professional and community groups nationally as well as internationally. Jóhanna is on EECERA Board of Trustees.

Anna Magnea Hreinsdóttir (amh@hi.is) earned her degree in leisure studies from Göteborgs folkhögskola, Sweden, in 1980, a B.Ed. degree in preschool studies from the Icelandic University of Education in 1999 and a master's degree from the same university in 2003. She completed her Ph.D. on democratic school evaluation from the University of Iceland, School of Education in 2009. She has worked as a preschool and primary school officer for many years and as a director of education and welfare. She now teaches at the University of Iceland, School of Education.

## Heimildir

- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). Hver hlustar? Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–98). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2013). Þau náttúrulega læra af öllu sem þau gera. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Á sömu leið* (bls. 89–116). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Anna Magnea Hreinsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2019). Að tilheyra, taka þátt og læra í leikskóla margbreytileikans: Evrópuverkefni um menntun ungra barna án aðgreiningar. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2019/ryn/07.pdf>
- Brooker, E. (2011). Taking children seriously: An alternative agenda for research. *Journal of Early Childhood Research*, 9(2), 137–149. <https://doi.org/10.1177/1476718X10387897>
- Broström, S., Jóhanna Einarsdóttir og Pramling Samuelsson, I. (2018). The Nordic perspective on early childhood education and care. Í M. Fler og B. van Oers (ritstjórar), *International handbook of early childhood education* (bls. 867–887). Springer.
- Cameron, C. og Moss, P. (2020). *Transforming early childhood in England: Toward a democratic education*. UCL.
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (frumútgáfa 1938).
- Eiður Þór Árnason. (2021, 8. október). Sigyn nýr Réttindaskólastjóri og vill stofna Réttindaleikskóla. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20212167059d/sigyn-nyr-rettinda-skola-stjori-og-vill-stofna-rettinda-leik-skola>
- European Commission. (2019). *Eurydice brief: Key data on early childhood and care in Europe*. Publication Office of the European Union.
- Framtíðarstarfið. (e.d.). *Vertu leikskólakennari!* <https://framtidarstarfid.is/>
- Gretar L. Marínsson og Dóra S. Bjarnason. (2016). Þróun skóla margbreytileikans í kjölfar Salamanca-yfirlýsingarinnar. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 11–39). Háskólaútgáfan; Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar.
- Guðrún Alda Harðardóttir og Kristján Kristjánsson. (2012). Trú leikskólubarna á eigin getu: Nokkur tilbrigði við aðferðafræðileg stef úr kenningu Bandura. *Tímarit um menntarannsóknir*, 21(2), 113–139.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Börn í leikskólum með erlent móðurmál 1998–2020*. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_skolamal\\_\\_1\\_leikskolastig\\_\\_0\\_IsNemendur/SKO01103.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__1_leikskolastig__0_IsNemendur/SKO01103.px)
- Hanna Ragnarsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir og Hildur Blöndal Sveinsdóttir. (2016). Fjölmennningarlegt leikskólastarf: Þátttaka, samskipti og umhyggja í þremur íslenskum leikskólum. *Sérrit Netlu 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar*. [https://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi\\_felagslegs\\_rettlatis\\_og\\_menntunar\\_an\\_adgreiningar\\_learning\\_spaces\\_for\\_inclusion\\_and\\_social\\_justice/006.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlatis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/006.pdf)

- Hanna Ragnarsdóttir og Kulbrandstad, L. A. (2018). *Learning spaces for inclusion and social justice: Success stories from four Nordic countries*. Cambridge Scholars.
- Háskóli Íslands. (e.d.). *Raunfærnimat í grunnnámi í leikskólakennarafræði*. [https://www.hi.is/menntavisindasvid\\_deild\\_kennslu\\_og\\_menntunarafrædi/raunfaernimat](https://www.hi.is/menntavisindasvid_deild_kennslu_og_menntunarafrædi/raunfaernimat)
- Háskóli Íslands. (2021a). *Leikskólakennarafræði, MT, 120 einingar*. [https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820292\\_20216&kennsluar=2021](https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820292_20216&kennsluar=2021)
- Háskóli Íslands. (2021b). *Menntakvika*. <https://menntakvika.hi.is/>
- Hólmfríður Sigmarsdóttir. (2021). Ræður fagleg sýn leikskólakennara för varðandi nám ungra barna í leikskólum á Íslandi? *Skólaþræðir: Tímarit samtaka áhugafólks um skólaþróun*. <https://skolathraedir.is/2021/09/12/raedur-fagleg-syn-leikskolakennara-for-vardandi-nam-ungra-barna-i-leikskolum-a-islandi/>
- Hrönn Pálmadóttir og Johansson, E. M. (2015). Young children's communication and expression of values during play sessions in preschool. *Early Years: An International Research Journal*, 35(3), 289–302. <https://doi.org/10.1080/09575146.2015.1048429>
- Hrönn Pálmadóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Yngstu leikskólabörnin: Samfélag í leik. *Uppeldi og menntun*, 21(2), 43–69.
- Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir. (2013). „Ég er orðin meðvitaðri um leikinn sem kennslutæki“. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Á sömu leið* (bls. 159–164). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2022). „Þetta samtal finnst mér svo gríðarlega mikilvægt“: Rannsókn um samfellu í námi barna. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Leikandinn: Greinar um menntun ungra barna*. Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2003). Þegar bjallan hringir þá eigum við að fara inn: Viðhorf leikskólabarna til leik- og grunnskóla. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/arsrit-2003/>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2004). Frá leikskóla til grunnskóla: Aðferðir til að tengja saman skólastigin. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1(1), 209–227.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Leikskólakennaramenntun í mótun. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2012/alm/002.pdf>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2013). Leikskóli og grunnskóli á sömu leið. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Á sömu leið* (bls. 11–24). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2017). Lýðræði, umhyggja og hæfni í Aðalnámskrá leikskóla. *Sérít Netlu – Innsýn í leikskólastarf*. [https://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn\\_leikskolastarf/005.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/005.pdf)
- Jóhanna Einarsdóttir. (2022). Bernskurannsóknir. Í Jóhanna Einarsdóttir (ritstjóri), *Menntun ungra barna*. Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir og Hrönn Pálmadóttir. (2019). Hvaða augum líta börn leikskólakennara?: Hluterkerfi og miðlun gilda í leikskólum. *Sérít Netlu – Menntun barna í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla*. [https://netla.hi.is/serrit/2019/menntun\\_barna\\_leik\\_grunn/01.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2019/menntun_barna_leik_grunn/01.pdf)
- Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir. (2020). Fullgildi í leikskóla: Sjónarmið barna og starfsfólks. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 29(2), 113–133. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2020.29.6>
- Jóhanna Einarsdóttir og Wagner, J. T. (2006). *Nordic childhoods and early education: Philosophy, research, policy, and practice in Denmark, Finland, Iceland, Norway, and Sweden*. Information Age.
- Jón Torfi Jónasson. (2006). *Frá gæslu til skóla: Um þróun leikskóla á Íslandi*. Rannsóknarstofa um menntakerfi; Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2016). Hugleiðingar um gildi rannsóknarinnar. Í Kristín Karlsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir (ritstjórar), *Leikum, lærum, lifum* (bls. 247–268). RannUng; Háskólaútgáfan.
- Kristín Karlsdóttir, O'Brien, L. og Jóhanna Einarsdóttir. (2019). Do children learn through play? How do we know? Í S. Garvis, H. Harju-Luukkaninen, S. Sheridan og P. Williams (ritstjórar), *Nordic families, children and early childhood education* (bls. 37–60). Palgrave Macmillan.
- Kristín Karlsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (in print). Documentation as a tool for changing practices in early childhood education. Í C. McLachlan (ritstjóri), *Data systems in early childhood settings: Theory and practice*. Springer.

- Leikskólinn Rjúpnahæð. (2021). *Rjúpnahæðarleiðin: Að rétta upp hönd – leiðarvísir að lýðræði í skóla*.
- Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.
- Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólustjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011a). *Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011b). *Aðalnámskrá leikskóla*.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2017). *Menntun fyrir alla á Íslandi: Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi*. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=cca962f5-be4f-11e7-9420-005056bc530c>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2020). *Drög að stefnu: Menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn*. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20stefnu\\_menntun%20barna%20og%20ungmenna%20me%C3%B0%20fj%C3%B6lbreyttan%20tungum%C3%A1la-%20og%20menningarbakgrunn\\_260520.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20stefnu_menntun%20barna%20og%20ungmenna%20me%C3%B0%20fj%C3%B6lbreyttan%20tungum%C3%A1la-%20og%20menningarbakgrunn_260520.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021a). *Menntastefna 2030. Aðgerðaáætlun 1*. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/MS2030\\_fyrsta%20adgerdaraetlun\\_vefbirting\\_2.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/MS2030_fyrsta%20adgerdaraetlun_vefbirting_2.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021b). *Styrking leikskólustigsins. Skýrsla starfshóps*. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Styrking%20leiksk%C3%B3lastigsins\\_sk%C3%BDrsla%20starfsh%C3%B3ps\\_%C3%A1g%C3%BAst%202021.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Styrking%20leiksk%C3%B3lastigsins_sk%C3%BDrsla%20starfsh%C3%B3ps_%C3%A1g%C3%BAst%202021.pdf)
- Moss, P. (2013). *Early childhood and compulsory education: Reconceptualising the relationships*. Routledge.
- Moss, P., Dahlberg, G., Grieshaber, S., Mantovani, S., May, H., Pence, A., Rayna, S., Swadener, B. B. og Vandebroek, M. (2016). The Organisation for economic co-operation and development's international early learning study: Opening for debate and contestation. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 17(3), 343–351. <https://doi.org/10.1177/1463949116661126>
- OECD. (2011). *Doing better for families*. <https://www.oecd.org/els/soc/doingbetterforfamilies.htm>
- OECD. (2017a). *The international early learning and child well-being study*. <http://www.oecd.org/edu/school/the-international-early-learning-and-child-well-being-study-the-study.htm>
- OECD. (2017b). *Starting strong V. Transitions from early childhood education and care to primary education*. <https://www.oecd-ilibrary.org/docserver/9764276253-en.pdf?expires=1604577121&id=id&accname=oid020862&checksum=2CBFC9FACAEA6F90E42E5E3BF9682F8D>
- Ráð Evrópusambandsins. (2019). Council recommendations of 22 May 2019. On high-quality early childhood education and care system. *Official Journal of the European Union*. [https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32019H0605\(01\)&from=EN](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32019H0605(01)&from=EN)
- Reglugerð um inntak menntunar leik-, grunn- og framhaldsskólakennara nr. 872/2009.
- Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalæsi nr. 893/2009.
- Reykjavíkurborg. (2014). *Heimurinn er hér. Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningsleg skóla- og frístundastarf*.
- Reykjavíkurborg. (2021). *Umbætur og skipulag leikskólustarfs. Tillögur stýrihóps maí 2021*. [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/209\\_1.1\\_umbætur\\_og\\_skipulag\\_leikskolastarfs\\_skyrsla\\_0.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/209_1.1_umbætur_og_skipulag_leikskolastarfs_skyrsla_0.pdf)
- Ringsmose, C. og Kragh-Müller, G. (2017). *Nordic social pedagogical approach to early years. International perspectives on early childhood education and development 15*. Springer.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1992). <https://www.althingi.is/lagas/150b/1992018.2c5.html>
- Samráðsgátt. (2019). *Frumvarp til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla*. [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1315](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1315)
- Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2017). „Þeir vilja ekki leika, bara tala saman“: Sýn barna á hlutverk fullorðinna í leik. *Sérri Netlu – Innsýn í leikskólustarf*. [https://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn\\_leikskolastarf/002.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2017/innsyn_leikskolastarf/002.pdf)

Sara M. Ólafsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2019). Following children's advice on transitions from preschool to primary school. Í S. Dockett, Jóhanna Einarsdóttir og B. Perry (ritstjórar), *Listening to children's advice about starting school and school age care* (bls. 69–83). Routledge.

Vandenbroeck, M. (2017). *Facts matter. And so do opinions. A plea for the repoliticization of early childhood education* [fyrirlestur á ráðstefnu European Early Childhood Education Research Association, Bologna, Ítalíu]. [https://www.youtube.com/watch?v=MwUkm\\_-d8VE](https://www.youtube.com/watch?v=MwUkm_-d8VE)

Þingsályktun nr. 16/151 um menntastefnu fyrir árin 2021–2030. <https://www.althingi.is/altext/151/s/1111.html>



Jóhanna Einarsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir. (2022).

Þróun leikskóla á Íslandi: Samtal við skrif Jóns Torfa Jónassonar.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérít til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessors emeritus

Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs\\_jon\\_torfa/01.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs_jon_torfa/01.pdf)

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.71>